



Alþingi  
Erindi nr. P/132/1558  
komudagur 7.4.2006

Reykjavík 5.6.2006

Umsögn vegna þskj. 137.

Mannfræðiskor Háskóla Íslands hefur borist beiðni um umsögn (dagsett í Reykjavík 24. mars.2006) vegna tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki. Flutningsmenn tillögunnar eru Þórunn Sveinbjarnardóttir, Sív Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Magnús Þór Hafsteinsson og Guðrún Ögmundsdóttir.

Undirrituð lýsir yfir ánægju með umrætt þskj. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

f.h. mannfræðiskorar

Jónína Einarsdóttir  
dósent í mannfræði og  
ábyrg fyrir framhaldsnámi í þróunarfræðum



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1568  
komudagur 10.4. 2006

Reykjavík, 7. apríl 2006.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.  
Þskj. 137 – 137. mál


Umsagnaraðili: Hjálparstarf kirkjunnar, Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri.

Hjálparstarf kirkjunnar fagnar tillögunni í heild sinni og þessu tækifæri til umsagnar og telur mikilvægt að frjáls félagasamtök fái að koma að mótun stefnu Íslands í þróunarsamvinnu. Skipun nefndar með þátttöku frjálsra félagasamtaka er því mikilvæg.

Hjálparstarfið telur gerð rammisamnings við frjáls félagasamtök í lið 4) munu gjörbreyta möguleikum þess, og stjórnvalda, til þess að efla langtíma þróunarverkefni í grasrótinni.

Endurskoðun laga um Þróunarsamvinnustofnun er brýn, að mati Hjálparstarfsins. Í 4. gr. þeirra segir: „Yfirstjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni.” Hefur það hamlað nánara samstarfi frjálsra félagasamtaka við stofnunina enda öll verkefni Hjálparstarfsins á starfssvæði ÞSSÍ í Afríku í höndum alþjóðasamtaka kirkna sem sjá urn undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni.

Hjálparstarfið bendir einnig á, í sambandi við endurskoðun laganna, 3. gr. a), þar sem stendur: „Verkefni þessi skulu einkum beinast að því að miðla til umræddra landa reynslu og sérþekkingu sem Íslendingar búa yfir og þau hafa áhuga á að afla sér.” Hjálparstarfið telur það betur í takt við nútíma þróunaraðstoð að veita þá aðstoð sem mest er þörf fyrir óháð þeirri sérþekkingu sem Íslendingar búa yfir. Hjálparstarf kirkjunnar og mörg önnur félagasamtök hér á landi hafa í gegnum aðild að heimssamtökum alla þá þekkingu og reynslu innanborðs sem þarf til að sinna því sem brýnust nauðsyn er til.

  
Jónas Þórisson



Flyðrugranda 12,  
107 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P/132/1542  
komudagur 6.4.2006

Reykjavík, 6. apríl 2006

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar**

**um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu íslands við önnur ríki.**

Ég hef móttengið bréf utanríkismálanefndar Alþingis dags. 24. mars sl. með tilmælum um umsögn um ofangreinda tillögu, og ég þakka það traust sem mér er sýnt.

Ég er í grundvallaratriðum samþykkur þessari tillögu og tel að hana beri að samþykkja. Það er brýnt að íslensk stjórnvöld efli myndarlega stuðning sinn við fátækustu þjóðir heims. Það er í raun skylda okkar að verja hluta af allsnægtum okkar til slíkra mannúðarmála. Og við megum gjarnan vera minnug þess að ekki er nema líðlega öld síðan við vorum í þeirra sporum.

Það er auðvitað jafnan álitamál hvernig slík nefnd skuli skipuð. Ég ætla ekki að gera athugasemd við þá tilhögun sem tillagan gerir ráð fyrir, bendi einungis á að æskilegt er að nefndarmenn hafi raunverulega reynslu af störfum í fátækum löndum.

Það er fyrst og fremst 4. liður tillögunnar, hvernig megi efla samvinnu við frjáls félagasamtök sem að mér snýr. Ég tel einsýnt að efla beri samvinnu við slík samtök, þ.e.a.s. ef þau hafa sannað sig í reynd og tryggt er að þau fari vel og heiðarlega með fé, en á því hefur því miður stundum verið misbrestur.

Aftur á móti verð ég að játa að ég er næsta tortrygginn á þátttöku “á sviði fjölþjóðlegar þróunarsamvinnu” og á “beinar fjárveitingar til ákveðinna verkefna á vegum viðurkenndra alþjóðlegra stofnana og félagasamtaka” sem flutningsmenn telja einnig koma til greina. Til þeirrar tortryggni liggja ýmsar ástæður. Yfirbygging er oft mikil og kostnaðarsöm og umsýslukostnaður ésjaldan 30% af aflafé, eða jafnvel meiri, starfsmenn á háum launum með mikinn ferðakostnað. Ég hef séð slíka menn ferðast á forréttindafarrými í flugvólum og búa á lúxushótelum, sem er í hréplegu ósamræmi við aðstoðina sem veitt er. Við þetta bætist svo stundum afstaða sem felur í raun í sér að lítið er niður á hina fátæku vlotakendur. Slíkt kallar fram harða gagnrýni almennings í viðkomandi landi, og jafnvel fyrirlitningu.

Ég er sammála því sem kemur fram í greinargerð, að “forsenda þess að árangur náist er að heimamenn séu hafðir með í ráðum og að þarfir þeirra stýri för”. En ég vil ganga enn lengra og segja að þeir eigi einnig að vera beinir þátttakendur. Það er mikill misskilningur að halda að spillinging sé hvarvetna í Afríku. Ég þekki mörg dæmi þess að heimameinn vinni sjálfir ókeypisgjarni starf. Tiltækast fyrir mig er auðvitað SPES, þar sem heimamenn stjórna rekstri barnaheimilis okkar í sjálfböðavinnu og einungis starfsfólk þiggur laun. Ég hef orðið vitni að starfi fransiskananna í Dakar og Lomé sem reka

**vöggustofur og halda námskeið fyrir unglingsstúlkur með litlum tilkostnaði en mikilli alúð. Samtök kvenlögfræðinga hjálpa fórnarlömbum nauðgana og annars ofbeldis, samtök heimamanna í Lomé hjálpa börnum með eyðni, og þannig mætti lengi telja.**

**Jafnvel þótt við náum markmiði Sameinuðu þjóðanna um framlag sem nemur 0,7% af þjóðarframleiðslu, sem ætli ekki að vera okkur nein ofraun, þá vegur sú aðstoð aldrei þungt í alþjóðlegu samhengi. Þess vegna er þeim mun brýnna að nýting hennar verði sem allra best og hugað sé vandlega að einstökum, skýrt skilgreinnum verkefnum. Og trúlega er skynsamlegt að velja tiltölulega lítil ríki til viðtöku. Það hygg ég henti okkur best.**

**Í stuttu máli tel ég að tvíhliða aðstoð með beinni þáttöku heimamanna skili bestum árangri, og jafnvel því betri sem verkefni eru smærri og sértækari. T.d. tel ég betra að strykja einstaka skóla en að hjálpa einhverju allsherjar skólaprógrammi. Ég á við að persónuleg tengsl skili ávallt betri árangri. Því skyldi fá heimamönnum verkefni til úrlausnar, og ofast er ódýrara að aflla hluta og láta gera hluti á staðnum en að flytja þá langar leiðir, og svo henta þeir kannski alls ekki þegar til á að taka. Um slíkt eru mörg sorgleg dæmi.**

**Ég lýsi því yfir stuðningi við tillöguna í grundvallaratriðum, en tel að huga þurfi vandlega að allri framkvæmd, svo að beinu gagni komi fyrir heimamenn og efla um leið störf þeirra sjálfra og framkvæmdavilja.**

**Virðingarfyllt,**



**Njörður P. Njarðvík**  
**stjórnarformaður SPES – alþjóðlegrar barnahjálpar**

---

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1624**  
**komudagur 18.4.2006**



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2006

UNIFEM á Íslandi  
Miðstöð Sameinuðu þjóðanna  
Laugavegur 42, 101 Reykjavík  
Iceland

**Umsögn UNIFEM á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.**

Sími: +354 552 6200

Fax: +354 552 6010

netfang: [unifem@unifem.is](mailto:unifem@unifem.is)

vefur: [www.unifem.is](http://www.unifem.is)

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi styður tillöguna sem lögð hefur verið fram um þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

Tvíþættar ástæður liggja þar að baki: annars vegar sú hugmynd að opna stefnumótunarferlið og tryggja þátttöku fræðasamfélags og frjálsra félagasamtaka, hins vegar sú áhersla flutningsmanna tillögunnar á menntun og mannréttindi kvenna sem lykilinn að árangursríkri stefnu í þróunarmálum.

UNIFEM á Íslandi hvetur til þess að samráð nefndarinnar við aðila og samtök utan hennar verði víðtækt og lýsir landsnefndin sig fúsa til samstarfs á þessum vettvangi.

  
Edda Jónsdóttir  
Formaður UNIFEM á Íslandi

---

Þróun í þágu kvenna  
allra hagar

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1674  
komudagur 18. 4. 2006



ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS  
Þverholti 14, IS-150 Reykjavík  
Sími. + (354) 545 8980, bréfsími: + (354) 545 8985  
Netfang: iceida@utn.stjr.is - Vefsíða: www.iceida.is

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Einar Farestveit  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2006  
Tilvísun: ICE06030032/000  
SB/--

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) barst þann 29. fyrra mánaðar erindi frá utanríkismálanefnd Alþingis þar sem beðið er um umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar á þskj. 137; 137. mál 132. löggjafarþings. Síðasti fundur stjórnar stofnunarinnar var haldinn mánudaginn 27. fyrra mánaðar og næsti fundur verður ekki haldinn fyrr en í maímánuði. Umsögnin er því gerð með þeim fyrirvara, að ekki reyndist unnt að leggja erindið fyrir stjórn stofnunarinnar eins og ákjósanlegast og eðlilegast hefði verið en stofnunin hefur skv. bréfi utanríkismálanefndar aðeins frest til 10. apríl n.k. til þess að skila umsögn.

Um stefnumótun í þróunarsamvinnu er það að segja, að stefna Íslands í þróunarsamvinnu á árunum 2005 til 2009 hefur verið mótuð á vegum utanríkisráðuneytisins. Stefnumiðin voru gefin út af ráðuneytinu í sérútgáfu bæði á ensku og íslensku í septembermánuði árið 2005. Leitað var samráðs við ýmsa sérfróða aðila við stefnumótunina en hún hefur m.a. hliðsjón af Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem orðið hafa kjarninn í stefnu allra ríkja er sinna þróunaraðstoð í heiminum. Þá er einnig gengið út frá stefnu þeirri, sem ríkisstjórnin mótaði fyrst árið 1997 og hefur fylgt og ítrekað síðan, en þar er miðað við að fjárframlög úr ríkissjóði til þróunaraðstoðar aukist jafnt og þétt og verði orðin 0,35% af vergri landsframléiðslu árið 2009.

Stefna ÞSSÍ ásamt verklagsreglum, sem greina frá þeim vinnubrögðum, sem stofnunin beitir bæði að því er varðar eigið verklag og verklag í samvinnu við aðra svo sem eins og frjáls félagasamtök, var unnin á árunum 2003 og 2004. Að því verkefni komu ýmsir sérfræðingar með menntun og reynslu á sviði þróunaraðstoðar bæði sem starfandi voru á vegum stofnunarinnar sem og utan hennar. Einnig var tekið mið af stefnumörkun sambærilegra stofnana í nágrannalöndunum auk þess sem leitað var álits annara aðila svo sem ríkisendurskoðunar um hvernig að framkvæmdum skyldi staðið. Eins og hvarvetna annars staðar eru Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna kjarninn í stefnumörkun ÞSSÍ en þau atriði, sem nefnd eru í töluliðum 1 og 2 í tillögugrein þingsályktunatillögunnar eru öll innan þeirra markmiða ásamt mörgum öðrum eigi síður þýðingarmiklum stefnumiðum. Stjórn ÞSSÍ, en þar eiga sæti fulltrúar allra þingflokka utan þingflokks Frjálslyndra, tók virkan þátt í umræddri stefnumörkun og lagði lokahönd á hana á 267. fundi stjórnarinnar í mars 2004. Stefnan og verklagsreglurnar voru síðan gefin út í sérstakri útgáfu á bæði ensku og íslensku

síðar sama ár. Það sama ár kom jafnframt út á ensku og á íslensku stefna ÞSSÍ í jafnréttismálum, sem unnin var með sama hætti og hin stefnumörkunin. Þannig hafa fulltrúar allra þingflokka á Alþingi utan eins, sem kjörnir voru til setu í stjórn ÞSSÍ, nýlega komið að umfangsmikilli stefnumörkun í tvíhliða þróunaraðstoð Íslendinga og luku því verki fyrir aðeins réttum tveimur árum. Um þá stefnumótun var alger samstaða í stjórn stofnunarinnar. ÞSSÍ ráðgerir ekki að þörf sé á að endurskoða þá stefnu fyrir en betur verður séð hvernig miðar í meginmarkmiðum alþjóðasamfélagsins hvað varðar veitingu og framkvæmd þróunaraðstoðar og þá í samræmi við það, sem þá kann að vera að gerast í endurskoðun á stefnumiðum alþjóðasamfélagsins.

Hvað varðar aðkomu frjálsra félagasamtaka að þróunaraðstoð þá er það að segja, að flest eða öll þessara félaga hafa einbeitt sér að þeim þætti aðstoðar, sem fellur undir skilgreininguna hjálparstarf (einkum neyðarhjálp) og hafa þau því öðlast umfangsmikla reynslu á því sviði. Reynsla þeirra af þróunaraðstoð er hins vegar mjög takmörkuð og er nánast að öllu leyti rekin annað hvort með kostun af þeirra hálfu á afmörkuðum þætti þróunaraðstoðar, sem framkvæmd er af öðrum aðilum t.d. alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum samtökum, eða þá í samstarfi þeirra við ÞSSÍ, sem kostar þróunarverkefni í samstafi við þau og sér í sumum tilvikum einnig um framkvæmdina á vettvangi. Árum saman hefur öllum óskum íslenskra frjálsra félagasamtaka um stuðning við verkefni, sem talist geta þróunaraðstoð og uppfylla skilyrði ríkisendurskoðunar um fjármálastjórnun, verið sinnt af hálfu ÞSSÍ auk þess sem stofnunin á í samstarfi við erlend frjáls félagasamtök um verkefni í samstarfslöndum sínum. Reynsla íslenskra frjálsra félagasamtaka á vettvangi þróunaraðstoðar er því mjög takmörkuð enn sem komið er en fer nú vonandi vaxandi m.a. vegna aukins samstarfs þeirra við ÞSSÍ þótt enn sé ekki um að ræða umtalsverða reynslu þeirra af framkvæmd þróunarverkefna né af stefnumörkun og mótun verklagsreglna á því sviði. Engar fastar reglur hafa verið settar af hálfu ÞSSÍ um skiptingu kostnaðar af samstarfsverkefnum í þróunaraðstoð við frjáls félagasamtök heldur er tekið mið af eðli hvers verkefnis og óskum félagasamtakanna sjálfra. Í öllum tilvikum greiðir ÞSSÍ hins vegar meirihluta kostnaðar við framkvæmdir verkefnanna; í sumum tilvikum allan kostnaðinn; en ÞSSÍ tekur yfirleitt ekki þátt í rekstrarkostnaði fremur en stofnunin gerir í öðrum verkefnum, sem stofnunin sinnir. Þess er oftast hvergi getið nema þá í ársskýrslum ÞSSÍ að stofnunin greiði kostnað við þróunarverkefni frjálsra, íslenskra félagasamtaka og þá enn síður um hve stóran hlut er þar að ræða. Mörgum er því ekki ljóst, að ÞSSÍ er þátttakandi í flestum ef ekki öllum þróunaraðstoðarverkefnum frjálsra félagasamtaka á Íslandi, greiðir bróðurpartinn af kostnaði við slíkar framkvæmdir og hefur einnig í ýmsum tilvikum sinnt sjálfri umsýslunni á vettvangi.

Í grg. með tillögunni er vikið að ýmsum atriðum, sem sagt er að nauðsynlegt sé að taka tillit til við mörkun stefnu og við framkvæmd þróunaraðstoðar. Þau atriði sem tiltekin eru svo sem um nauðsyn eignarhalds þróunarríkis á verkefnum, um hvernig að tilurð verkefna skuli staðið og um verklag í samstarfi við viðtökuríki um val og framkvæmd verkefna – svo nokkur séu nefnd af þeim, sem upp eru talin – hafa fyrir löngu fengist viðurkennd í stefnumörkun og framkvæmd þróunaraðstoðar alþjóðasamfélagsins og er m.a. að finna í starfsreglum DAC, þróunarnefndar OECD, sem og í leiðbeiningum DAC um góða framkvæmd þróunaraðstoðar (DAC Good Policy Papers). Þessi atriði er einnig að finna í stefnu og verklagsreglum ÞSSÍ, en stofnunin hefur auk þess undirgengist að fylgja leiðbeiningum DAC í störfum sínum (sjá ákvæði þar um í “Stefnu og verklagsreglum ÞSSÍ”). Viðfangsefni stefnumótunar í þróunarmálum eru önnur en þau, sem þegar hafa verið afgreidd, viðurkenningu hafa hlotið og almennt er fylgt; en þau viðfangsefni, sem nú er fjallað um, eru m.a. samhæfing og aðlögun ásamt með einföldun framkvæmdar með virkara samráði og samstarfi (smbr.

Parísaryfirlýsinguna um samhæfingu og aðlögun (Paris Declaration on Harmonization and Alignment))

Um hvort þörf sé á endurskoðun á lögum um ÞSSÍ, sem eru frá árinu 1981, vill undirritaður ekki tjá sig. Umrædd lög eru að sumu leyti til muna víðfeðmari en framkvæmdir á vegum ÞSSÍ hefur orðið þar sem stofnunin hefur aðeins með höndum tiltölulega afmarkaðan hlut af þróunaraðstoð Íslendinga – þ.e. einungis hluta af þeirri þróunaraðstoð, sem þó er skilgreind sem tvíhliða þróunaraðstoð af OECD. Að sumu leyti eru þau hins vegar þrengri en gerist og gengur í nálægum löndum t.d. hvað varðar takmörkun á þátttöku stofnunarinnar í samstarfsverkefnum sambærilegra stofnana þar sem um er að ræða körfufjármögnun eða þögula þátttöku einstakra kostunaraðila (silent partnership). Á það skal þó bent, að í þeim tveimur sérfræðiúttektum, sem gerðar hafa verið á störfum stofnunarinnar – en vitnað er til þeirrar síðari í tillögugrein þingsályktunartillögunnar - voru ekki lagðar til breytingar á lögum um stofnunina.


Í lokin vill ÞSSÍ fagna því, að rætt sé um þróunaraðstoð og starfsemi ÞSSÍ á Alþingi Íslendinga og að lagðar séu fram tillögur er lúta að þeim málefnum. Brýna nauðsyn ber til; ekki síst nú þegar framlög til þróunaraðstoðar fara ört vaxandi eftir áratuga kyrrstöðu; að vekja umræður, auka áhuga og bæta almenna þekkingu á þeim málaflokki og hefur Alþingi þar að sjálfsgöðu miklu hlutverki að gegna. ÞSSÍ er reiðubúin hvenær sem er að efna til kynninga á starfsemi sinni; verkefnum, verklagsreglum og stefnumiðum; fyrir utanríkismálanefnd og telur tilvalið að nefndin eða einstakir nefndarmenn kynni sér starfsemi stofnunarinnar og þá einnig á vettvangi ef nokkur kostur er til þess. Einnig er rétt að benda á, að allir þingflokkar utan einn eiga sína kjörnu fulltrúa í stjórn stofnunarinnar og geta þannig haft beinan aðgang að stofnuninni og aðkomu að stefnumótun og starfsaðferðum hennar eins og þeir sjálfir kjósa.

Fylgiskjöl:

Stefna og verklagreglur ÞSSÍ; sérprent ÞSSÍ.

Jafnréttisstefna ÞSSÍ, sérprent ÞSSÍ.

Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005-2009, sérrit UTN.

Með kveðju  
  
Sighvatur Björgvinsson